

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Töskur með tilgang

Nafn styrkþega: Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn í Reykjavík

Útdráttur: Töskur með tilgang er saumaverkefni fyrir konur af erlendum uppruna, einna helst flóttakonur og hælisleitendur. Einu sinni í viku hittast konurnar í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjóddinni og sauma fjölnota innkaupapoka, grænmetispoka og jólagjafapoka. Verkefnið byggir á hugmyndafræði valdeflingar þar sem leitast er við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Markmiðið með verkefninu er að þær konur sem taka þátt finni styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og forða þeim frá félagslegri einangrun sem einnig er oft fylgifiskur efnaleysis. Verkefnið er ætlað að gefa konunum tilgang og félagsskap og halda þeim virkum ásamt því að endurnýta efni sem annars yrði fargað.

Verkefnið hefur dafnað mikið og vaxið síðan það hóf göngu sína haustið 2017. Þátttakendum hefur fjölgað stöðugt frá upphafi en verkefnið hefur verið mjög vel sótt. Fleiri konur mæta en húsrúm leyfir og í lok síðustu annar mættu yfir 60 konur í hvert skipti. Þátttakendur koma frá yfir 10 löndum, meðal annars frá Írak, Kúrdistan, Afganistan, Sýrlandi, Marokkó, Nígeríu og Venesúela. Mikil gleði ríkir í hverjum saumatíma og konurnar mynda tengsl hvor við aðra og læra nýja hluti. Í lok hvers saumadags er snæddur saman hádegismatur. Afurðir verkefnisins eru seldar á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar og eins ýmis fyrirtæki og stofnanir keypt fjölda poka til að gefa viðskiptavinum sínum og starfsmönnum og styrkt um leið verkefnið.

Sex sjálfbóðaliðar hjálpa til við verkefnið og tveir starfsmenn frá Hjálpræðishernum og Hjálparstarfinu. Efniviðurinn sem notaður er í saumaskapinn fáum við gefins og flestar saumavélnar líka. Verkefnið hefur vakið mikla athygli og er mjög eftirsótt. Nýjar konur bætast við í hverri viku og eru þátttakendur almennt mjög ánægðir með að hafa þarna afdrep, félagskap og tilgang. Konurnar tengjast þvert á menningarheima og efla þannig tengslanet sitt og víkka sjóndeildarhringinn.

Name of the project: Bags with purpose

Name of grantee: Icelandic Church Aid

Project description: The project 'bags with a purpose', is a sewing project for women of foreign origin. Once a week a group of women meets at the Salvation Army (Mjódd) to sew carrier-, produce- and gift bags. Women connect across cultures, strengthen their networks and expand their horizons.

The project is based on the idea of empowerment, to support people and especially women in improving their social status and quality of life. The aim of the project is for the involved women to find their strength and ability to cope with challenging situations and to prevent them from social isolation. The project is intended to give the women a sense of purpose and companionship and to keep them active as well as to reuse material that would otherwise be disposed of.

The project has grown and flourished since it began in fall 2017. The number of participants has increased steadily and sometimes more women meet than space allows. One time it was over 60 women. Participants come from various countries, such as Iraq, Kurdistan, Afghanistan, Syria, Morocco, Nigeria and Venezuela. There is great joy during each meeting. There is great joy in every meeting and the women connect with each other and learn new things.

At the end of each sewing day the group enjoys lunch together. The sewed bags are sold at the Church Aid office and various companies and organizations have purchased numerous bags to give to their clients or employees and thereby sponsor the project. Six volunteers and two staff members from the Salvation Army are involved in the project. The material as well as the sewing machines were donated.